

Reykjavík, 20. desember 2021

## Kennslumálasjóður

Undirritaðar fengu styrk úr Kennslumálasjóði 2019 til að vinna að verkefninu „Tvímála íðorðasafn á sviði jarðfræði og grasafraði milli íslensku og frönsku“

Verkefnið byggir á orðaforða sem er að mestu leyti til staðar í nýjum orðabókargrunni hjá Orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁM) og notaður er við gerð íslensk-franskrar veforðabókar (Lexíu). Lexía er samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna hér: <https://lexia.hi.is/is/um/>.

Styrknum var varið í laun þýðanda með meistarapróf í frönsku og reynslu af leiðsögn á frönsku og kennslu í leiðsögumannanámi hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. All voru þýdd um 400 orð á sviði jarðfræði (ásamt notkunardæmum sem einnig eru þýdd á frönsku) og um 800 orð á sviði grasafraði.


Þessi íðorðaforði gagnast þeim sem vinna sem leiðsögumenn fyrir franska eða frönskumælandi ferðamenn sem og þeim sem leggja stund á nám í leiðsögn til að mynda við Endurmenntun Háskóla Íslands eða nám í ferðamálafræði. Mikilvægt er að nemendur hafi greiðan aðgang að þeim orðaforða á frönsku sem þeir vinna með í náminu.

Vinnan við íðorðasafnið nýttist jafnframt beint við gerð Lexíu og geta notendur þannig gengið að þessum orðaforða vísum í orðabókinni. Jafnframt voru útbúin skjöl á pdf-formi sem hægt er að dreifa til nemenda í námi í leiðsögn. Ákveðið var að skipta íðorðasöfnunum upp í tvö aðskilin skjöl.

Íðorðin eru einnig aðgengileg í Lexíu orðabókinni sem var opnuð formlega þann 16. júní 2021 og er aðgengileg á eftirfarandi slóð : <https://lexia.hi.is/is/>.

Með innilegri þökk fyrir stuðning við verkefnið.

Virðingarfyllt,



Ásdís R. Magnúsdóttir,  
prófessor í frönsku máli og bókmenntum, í fagraði Lexíu



Rósa E. Davíðsdóttir,  
ritstjóri Lexíu – íslensk-franskrar veforðabókar